



Umhverfis- og heilbrigðisráð  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. júní 2021  
Tilvísun: 2021060344/0.3

## Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um Heilsuborgin Reykjavík - Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030

Á 54. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs var lögð fram umsagnarbeiðni borgarráðs dags. 27. maí 2021 ásamt bréfi borgarstjóra, dags. 17. maí 2021, þar sem óskað er umsagnar umhverfis- og heilbrigðisráðs um drög að Lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030. Ráðið vísaði stefnunni til umsagnar hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER). HER hefur farið yfir stefnuna og gerir eftirfarandi umsögn.

HER fagnar því að fram sé komin metnaðarfull og ítarleg heilsustefna fyrir Reykjavíkurborg. HER vill þó benda á ákveðin atriði er varða loftgæði í borginni. Í kafla 1.c, kemur fram að kolefnisútbástur sé ein helsta ógnin við heilsu fólks en HER bendir að kolefnisútbástur er ekki lýsandi fyrir þá umferðartengdu mengun sem er í borginni. Réttara væri að tala um svifryk og útblástur tengdri umferð bíla. Þá kemur fram í sama kafla að unnið verði að bættum loftgæðum með sívöktun loftgæða og loftgæðastefnu. HER bendir á að sívöktun loftgæða, sem þegar er til staðar, er ekki aðgerð sem stuðlar beint að bættum loftgæðum en nýtist við að veita almenningi upplýsingar og meta árangur aðgerða. Breyta þyrfti orðalagi til að endurspeglar þetta. Auk þess er það mat HER að taka mætti hér fram að staðsetja skuli nýja skóla og leikskóla fjarri umferðarpungum götum til að lágmarka áhrif loftmengunar á börn. Eins telur HER að stefna ætti að því að staðsetja ekki íbúðarhús þétt upp við umferðarpungar götur af sömu ástæðu. Eins mætti bæta þessum atriðum inn í kafla 1.13 Bætt loftgæði – Stefna og aðgerðir.

HER gerir athugasemdir við að í lýðheilsustefnunni vantar heildstæða stefnu og umfjöllun um hljóðvist. HER telur ríka þörf á því að Reykjavíkurborg marki sér stefnu varðandi hljóðvist og hvernig draga megi úr áhrifum hávaða á heilsu íbúa. Við þéttingu byggðar verður þeim mun mikilvægarara að samlífi þjónustu-, atvinnureksturs og íbúðarhúsnæðis sé skoðað sérstaklega í skipulagsgerð. Eins þarf að hafa hljóðvist í huga við skipulag byggðar við þungar umferðargötur.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

  
Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi

  
Helgi Guðjónsson  
Heilbrigðisfulltrúi